



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 ✉ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Reykjavík 29. apríl 2021.

Umhverfis og samgöngunefnd
Inga Skarphéðinsdóttir, nefndarritari
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

ingaskap@althingi.is

Umsögn: Umhverfismat framkvæmda og áætlun, Þingskjal 1191 – 712. Mál

Skógræktarfélag Íslands mótmælir harðlega þeirri aðför að skógrækt sem kemur fram í frumvarpinu þar sem færa á viðmið í viðauka 1 grein 1.04 úr 200 ha niður í 50 ha. Þá má einnig geta þess að Flokkun framkvæmda hefur verið færð og þrengd enn frekar þar sem áður voru flokkarnir þrír en eru nú tveir.

Félagið telur að í skóglausasta landi Evrópu þar sem ræktaður skógur er samtals 0.4% og tekið hefur 100 ár að ná þeim árangri sé beinlínis hættulegt að þrengt verði svo að skógrækt að enginn muni sjá sér hag í því að fara út í kostnað sem hlýst af því fara í umhverfismat.

Í raun ekki hægt að vísa í nágrannalönd okkar þar sem skógarþekja er frá 30%-70% enda er á þeim löndum fyrst og fremst verið að huga að skógarhöggi þegar þær reglur eru hafðar í huga. Það er fráleitt að innleiða slíkt í íslenska löggjöf og hefur einungis eitt í för með sér. Skógrækt mun dragast verulega saman. Núverandi hömlur með umsóknarferli og framkvæmdaleyfi eru verulega íþyngjandi og væntanlega leitun að jafn miklum kröfum skrifræðisvaldsins þegar kemur að landnotkun. Gagnvart öðrum greinum landbúnaðar eru ekki

gerðar viðlíka kröfur og um skógrækt. Vegna óljósra ákvæða í núgildandi Skipulagslögum er ekkert samræmi milli sveitarfélaga hvernig afgreiðslu framkvæmdaleyfa er háttað.

Í skýringum höfunda frumvarpsins er farið með staðlausar fullyrðingar sem eiga sér enga stoð í veruleikanum; höfundar leggja engin gögn fram í því máli sínu til stuðnings, og því rétt að benda á að hér er farið með staðlausa stafi: „Í lið 1.04 er lagt til stærðarviðmið fyrir nýræktun skóga sem miði við 50 ha. Reynolds af framfylgd laga nr. 106/2000 sýnir að þröskuldsgildi sem miðar við 200 ha nær almennt ekki til skógræktarverkefna hér á landi og er því í reynd ekki virkt.“

Félagið leggur til að þessi óheillabreyting verði tekin út og áfram verði miðað við 200 ha.

Undirritaðir eru reiðubúnir að reifa umsögnina enn frekar sé þess óskað.



Jónatan Garðarsson,
formaður



Brynjólfur Jónsson,
framkvæmdastjóri